

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 3. nóvember 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-20/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 4. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 11. mars sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 24. mars. Með bréfi, dags. 26. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 10. apríl. Með bréfi, dags. 14. apríl, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og bárust þau hinn 28. apríl. Með bréfi, dag. 29. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og frestur til að skila þeim til 13. maí. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 23. desember 2013 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 1.200.000. Var bifreiðin af gerðinni Toyota Avensis Wagon Sol Turbo Diesel, árgerð 2004, fyrst skráð 29. október 2004 og við kaupin hafði bifreiðinni verið ekið 299.000 km. Segir álitsbeiðandi að bifreiðin hafi farið í söluskoðun fyrir kaupin. Þar hafi komið í ljós að viðvörunarljós í mælaborði bifreiðarinnar logaði. Hafi verið samið um að seljandi bifreiðarinnar léti laga það ljós áður en gengið yrði frá kaupunum. Seljandi hafi síðan farið með bifreiðina á umboðsverkstæði sama dag og kaupin voru gerð. Á verkstæðinu var tölva bifreiðarinnar lesin og gaf hún upp villumeldinguna „1251“. Í kjölfarið var laus hosuklemma við túrbínuhosu hert og bíltölvun endurræst. Eftir það kom engin villumelding fram á mælaborðinu. Segir álitsbeiðandi að í kaupsamningi sé sérstaklega tekið fram að seljandi sé nýbúinn að láta lagfæra vélarljós og yfirfara á umboðsverkstæði. Fljótlega eftir kaupin byrjaði umrætt viðvörunarljós hins vegar að loga aftur. Hinn 15. janúar sl. segist álitsbeiðandi hafa látið bifvélavirkja skipta um tímareim og lesa af bíltölvu. Þar hafi komið upp sama villumelding og fyrir kaupin. Bíltölvun var síðan endurræst og hvarf þá ljósið. Segist álitsbeiðandi þá hafa prufað að láta vél bifreiðarinnar ganga á 3000 snúningum á mínútu, en þá hafi ljósið aftur kviknað.

Hinn 27. janúar varð bifreiðin síðan óökufær vegna bilunar í kúplingu en álitsbeiðandi segir að seljandi hafi sérstaklega tilgreint það við söluna að nýbúið væri að yfirfara kúplingu. Fór álitsbeiðandi með bifreiðina á verkstæði og var þar skipt um kúplingsdælu, glóðakerti og tölva bifreiðarinnar lesin aftur. Við lesturinn kom fram sama villa og áður og er ástæðan fyrir villunni talin vera föst túrbína. Kostnaður við viðgerð við túrbínuna getur, skv. verkstæðinu, numið á bilinu kr. 100.000 til kr. 300.000. Í sömu viðgerð kom í ljós að spíssar í vél voru orðnir lélegir og að vegna þessa gengur vél bifreiðarinnar óvenjulega grófan gang þegar hún er ræst í kulda. Þetta hafi seljandi ekki tekið fram við kaupin. Álitsbeiðandi tekur sérstaklega fram að villumeldingin „1251“ og ljósið í mælaborði hverfi þegar bíltölvun sé endurræst. Þegar vélin sé síðan lätin ganga á nokkuð háum snúningi komi ljósið, og villumeldingin, fram

aftur. Við þetta fer vélin í svokallað „limp mode“ og verður aflminni. Telur álitseiddandi þetta vera ástæðu þess að seljandi gat látið slökkva ljósið og að það hafi síðan ekki komið fram aftur fyrr en nokkru eftir sölu.

Kröfugerð álitseiddanda er tvískipt. Í fyrsta lagi krefst hann þess að seljandi greiði sér kr. 200.000 í skaðabætur vegna bilunar í túrbínu vélarinnar. Rökstyður álitseiddandi þessa kröfu sína með vísan til þess að skjalfest sé að vélarljós og villa hafi verið komin fram vegna túrbínunnar fyrir kaupin líkt og komi fram í kaupsamningi. Þá standi í kaupsamningi að búið sé lagfæra umrætt atriði, en fyrir þá lagfæringu greiddi seljandi umboðsverkstæði kr. 14.543. Hefðu viðgerð umboðsverkstæðisins verið fullnægjandi hefði reikningurinn orðið talsvert hærri. Í öðru lagi snýr kröfugerð álitseiddanda að bilun í kúplingu bifreiðarinnar. Segir álitseiddandi að við kaupin hafi seljandi sérstaklega tekið fram að nýbúið væri að fara yfir kúplingu bifreiðarinnar. Álitseiddandi hafi engu að síður þurft að greiða kr. 76.000 vegna viðgerðar á kúplingu og krefst hann þess að seljandi bæti sér þá fjárhæð. Samtals hljóða kröfur álitseiddanda því upp á kr. 276.000.

Meðfylgjandi álitseiddni er afrit af kaupsamningi og afsali vegna kaupanna, afrit af reikningi vegna athugunar á villu í vél bifreiðarinnar, dags. 23. desember sl., reikningur vegna viðgerða á kúplingu og glóðakertum, dags. 30. janúar sl., reikningur vegna ýmissa viðgerða, dags. 23. júlí 2013 og afrit af tölvupóstsamskiptum aðila.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi mótmælir öllum kröfum álitseiddanda. Bendir hann á að bifreiðin sé frá árinu 2004 og ekin rúmlega 300.000 km. Þá hafi sala bifreiðarinnar verið hluti af greiðslu seljanda vegna kaupa hans á dýrari bifreið af álitseiddanda. Óumdeilt sé að viðvörunarljós logaði í mælaborði bifreiðarinnar áður en gengið var frá kaupinum og segist álitseiddandi hafa leitað til umboðsverkstæðisins til að láta lagfæra það. Umrætt verkstæði hafi verið valið til að fá bestu mögulegu viðgerðarþjónustu fyrir bifreiðina. Hafi því bæði álitseiddandi og umboðsverkstæðið skoðað bifreiðina fyrir kaupin. Segir seljandi að viðgerð umboðsverkstæðisins á bifreiðinni fyrir kaupin geti ekki talist einhverskonar yfirlýsing um ábyrgð á bifreiðinni. Bendir seljandi einnig á að samkvæmt álitseiddni sé ekki einu sinni ljóst hvort tengsl séu á milli viðgerðar þeirrar sem framkvæmd var af umboðsverkstæðinu og þess að nú hafi kviknað ljós aftur í mælaborði bifreiðarinnar. Þá bendir seljandi á að ekkert annað sé fram komið um að ljósið hafi kviknað aftur fyrr en 30. janúar sl., þ.e. um 5 vikum eftir kaupin. Þá mótmælir seljandi því að bera nokkra ábyrgð á kúplingu bifreiðarinnar. Aðeins hafi verið gerð grein fyrir því að við skoðun á bifreiðinni hefði verið farið í viðgerð á kúplingu. Seljandi rekur næst að ekki sé ljóst af álitseiddni hver kostnaður muni verða vegna viðgerðar á túrbínu, né hvort túrbínan sé ástæðan fyrir því að viðvörunarljósið hafi kviknað aftur í mælaborði. Telur seljandi að ekki hafi verið sýnt fram á meira en að um smávægilega bilun sé að ræða sem rúmist ekki innan þess sem teljist eðlileg að seljandi beri ábyrgð á. Þá segir seljandi að þrátt fyrir að sama villumelding hafi komið fram hinn 30. janúar sl. og fyrir sölu, geti bilunin verið af öðrum toga en áður, þrátt fyrir að meldingin sé sú sama. Þá bendir seljandi á að álitseiddandi hafi ekki kvartað við sig undan galla fyrr en um tveimur mánuðum eftir kaupin, þrátt fyrir að hafa, að því er virðist, haft ástæðu til þess um mánuði eftir kaupin. Telur seljandi að með þessu hafi álitseiddandi fyrirgert rétti sínum til að bera fyrir sig galla. Þá bendir seljandi á ríka skoðunarskyldu kaupenda svo gamalla bifreiða, sem og að álitseiddandi beri sönnunarbyrði fyrir því að bifreiðin hafi verið gölluð við kaupin.

V

Athugasemdir álitseiddanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að hann hafni því að bilun í túrbínu geti talist minniháttar bilun eða slit. Túrbína sé hluti af vél og vélin vinni ekki eðlilega með bilaða túrbínu. Þá rekur álitsbeiðandi að bilun hafi komið fram við ástandsskoðun bifreiðarinnar fyrir sölu og að seljandi hafi samþykkt að lagfæra bilunina. Kaupverðið hafi síðan tekið mið af því. Viðgerðin hafi hins vegar ekki reynst fullnægjandi. Þá hafnar álitsbeiðanda fullyrðingum seljanda um að ekki hafi verið reynt að láta hann vita af galla í bifreiðinni fyrr en tveimur mánuðum eftir kaupin. Það hafi verið gert fyrr með ýmsum leiðum. Eins bendir álitsbeiðandi á að lesið hafi verið af tölvu bifreiðarinnar hinn 15. janúar sl. og þar komið fram villa „1251“.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi telur enn ósannað hvað valdi villumeldingu „1251“. Bendir hann á að í reikningi frá verkstæði segi að „sennilega“ sé meldingin vegna fastra spaða í túrbínu. Því sé í raun ekki vitað nákvæmlega hvað valdi villumeldingunni né hvort sú mögulega bilun sé með nokkrum hætti tengd því að villumeldingin hafi komið fram áður, þ.e. fyrir kaupin. Þá sé með öllu óljóst hver kostnaðurinn kynni að verða ef gerð yrði viðgerð á túrbínunni en álitsbeiðandi velji hins vegar að byggja kröfur sína á því að kostnaðurinn reynist vera með hæsta móti. Þá tiltekur seljandi að engin gögn liggi fyrir um að honum hafi verið tilkynnt að álitsbeiðandi hygðist bera fyrir sig galla fyrr en hinn 17. febrúar sl. Segir seljandi að ef miða eigi við aðra dagsetningu verði álitsbeiðandi að leggja fram gögn þar um.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 23. desember 2013 fyrir kr. 1.200.000. Skál þó tekið fram að viðskiptum aðila var háttað með þeim hætti að álitsbeiðandi fékk bifreiðina upp í dýrari bifreið sem hann seldi nefndum seljanda á sama tíma. Bifreiðin er árgerð 2004 og fyrsti skráningardagur hennar 29. október 2004. Bifreiðin var því rétt rúmlega 9 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 299.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali. Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 23. desember 2013, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi staðfestir að bifreiðasali hefur vakið athygli hans á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:
a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og

atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin

c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Mun álitsbeiðandi hafa látið söluskoða bifreiðina fyrir kaupin og kom þá fram viðvörðunarljós í mælaborði bifreiðarinnar. Kviknaði ljósið aftur einhverjum vikum eftir kaupin og telur álitsbeiðandi að um galla sé að ræða á bifreiðinni hvað þetta varðar, svo sem nánar verður rakið síðar. Hvað kaupverð bifreiðarinnar varðar, fær kærunefndin ekki séð að það hafi verið óeðlilegt miðað við aðstæður, en hin umdeilda bifreið gekk upp í kaupverð dýrari bifreiðar sem álitsbeiðandi seldi nefndum seljanda. Viðmiðunarverð sambærilegra bifreiða getur verið afar mismunandi og m.a. farið eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana. Þá telur álitsbeiðandi einnig að kúpling bifreiðarinnar og tengdur búnaður hafi verið haldin galla, en í lok janúar 2014, þ.e. um 5 vikum eftir kaupin, þurfti álitsbeiðandi að láta skipta um kúplingsdælu bifreiðarinnar ásamt fleiru. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi sérstaklega tiltekið að nýbúið væri að skipta um hina ýmsu íhluti í kúplingu. Því sé um galla að ræða og dregur álitsbeiðandi það í efa að í raun hafi verið gert við kúplingu bifreiðarinnar. Þessu hefur seljandi hafnað, bent á að hann hafi aðeins sagt að „farið hefði verið í kúplinguna“ og að auki lagt fram staðfestingu á því að viðgerð hafi farið fram á kúplingu. Álitsbeiðandi tilgreinir jafnframt að spíssar í vél bifreiðarinnar séu illa farnir, en gerir engar kröfur þar að lútandi.

Hvað varðar kröfu álitsbeiðanda um að seljandi greiði fyrir viðgerð á kúplingu, virðist sú krafa byggja á því að seljandi hafi fyrir kaupin haldið því fram að nýlega hefði verið gert við kúplinguna. Bilun í kúplingu eftir kaupin sé því ekki í samræmi við þær upplýsingar sem seljandi gaf um bifreiðin í skilning c-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna. Sem fyrr greinir hefur seljandi lagt fram staðfestingu á því að einhver viðgerð hafði farið fram á kúplingunni. Ekki kemur fram hvort skipt hafi verið um kúplingsdælu í umræddri viðgerð, en það mun hafa verið sá íhlutur sem álitsbeiðandi lét skipta um hinn 30. janúar sl. Telur kærunefndin að þótt seljandi hafi tiltekið að gert hafi verið við einhverja íhluti í kúplingu fyrir kaupin, geti slík yfirlýsing ekki verið túlkuð með þeim hætti að skipt hafi verið um alla íhluti tengda kúplingu bifreiðarinnar. Er umrædd bifreið komin nokkuð til ára sinna og mikið ekin og mátti álitsbeiðandi því búast við því að íhlutir líkt og kúplingsdæla, gætu gefið sig fyrr eða síðar, með tilheyrandi kostnaði. Getur kærunefndin því ekki, hvað þetta varðar, fallist á að kúpling bifreiðarinnar hafi verið haldin galla í skilningi c-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna og verður því að hafna bótakröfu álitsbeiðanda hvað þetta atriði varðar.

Nefndin telur jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Svo sem rakið er að framan logaði viðvörunarljós í mælaborði bifreiðarinnar fyrir kaupin. Var samið um að seljandi léti lagfæra það sem olli því að ljósið kviknaði og kemur athugasemd þar að lútandi fram í kaupsamningi og afsali. Í kjölfarið fór seljandi með bifreiðina á umboðsverkstæði fyrir bifreiðar af umræddri tegund á söludegi, þ.e. hinn 23. desember 2013. Þar kom fram að vélartölva bifreiðarinnar gaf frá sér villumeldinguna „1251“. Var laus hosuklemma við túrbínuhosu fest og vélartölvan endurræst í kjölfarið. Við það hvarf viðvörunarljósið. Þó deilt sé um það hvenær nákvæmlega sama villumelding kom fram aftur í bifreiðinni, þ.e. annaðhvort hinn 15. janúar eða 30. janúar sl., er óumdeilt að villumeldingin kom fram aftur. Telur álitsbeiðandi að villumeldinguna megi rekja til þess að þegar vél bifreiðarinnar er látin vinna á nokkuð háum snúningi myndist yfirþrýstingur sem aftur leiðir til þess að hosuklemma losnar og viðvörunarljós kviknar í mælaborði. Telur álitsbeiðandi að ástæða þessa sé bilun í túrbínu í vél bifreiðarinnar. Þá telur álitsbeiðandi að túrbínan hafi, við kaupin, verið biluð, enda hafi sama villumelding komið fram við kaupin. Telur álitsbeiðandi jafnframt að hann eigi rétt á skaðabótum úr hendi seljanda vegna þessa. Þessu hefur seljandi hafnað og telur að álitsbeiðandi hafi m.a. ekki sýnt fram á að sömu ástæður hafi valdið því að villumeldingin kom fram fyrir og eftir sölu bifreiðarinnar. Þá telur seljandi einnig bótakröfu álitsbeiðanda óhóflega.

Þrátt fyrir mótmæli seljanda telur kærunefndin að fallast megi á með álitsbeiðanda að sú villumelding sem fram kom fyrir kaupin, eigi sér sömu orsakir og sú villumelding sem kom fram síðar, þ.e. í janúar sl. Er ástæðan sú að yfirþrýstingur hefur myndast á vélinni vegna þess að svokallaður stepp-mótor sem áfastur er túrbínu bifreiðarinnar stendur fastur, líklega vegna slits og sóts í túrbínu. Telur kærunefndin jafnframt að sú athugun sem framkvæmd var á umboðsverkstæðinu hinn 23. desember sl. hefði átt að leiða til frekari viðgerða á vél bifreiðarinnar en af varð. Er það því mat kærunefndarinnar að hvað þetta atriði varðar hafi bifreiðin verið haldin galla í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laganna, þ.e. að ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Rétt er, í ljósi þess að seljandi telur að kvörtun álitsbeiðanda undan galla hafi verið of seint fram komin, að enda á að fjalla um tilkynningu á galla. Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir orðrétt í 1. mgr.: „Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.“ Álitsbeiðandi hefur haldið því fram að hann hafi fyrst orðið var við það hinn 15. janúar sl. að viðvörunarljós í mælaborði bifreiðarinnar kviknaði. Samkvæmt því ætti álitsbeiðandi því rétt á að bera fyrir sig galla gagnvart seljanda fram til a.m.k. miðs mars sl. Seljandi heldur því sjálfur fram að slík tilkynning hafi ekki borist fyrr en 17. febrúar sl. Er það vel innan þeirra tímamarka sem um getur í 1. mgr. 27. gr. laganna.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða geti neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Álitsbeiðandi hefur í máli þessu krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 200.000 og miðast fjárhæðin við áætlaðan kostnað við að gera við túrbínu bifreiðarinnar. Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa álitur eðlilegt í ljósi málavaxta að seljandi borgi álitsbeiðanda skaðabætur að álitum. Telur nefndin eðlilega fjárhæð skaðabóta nema 100.000 kr. og er þá tekið tillit til þess að bifreiðin var rúmlega 9 ára

gömul og mikið ekin og mátti álitsbeiðandi gera ráð fyrir því að bifreiðin þyrfti í bráð á kostnaðarsömu viðhaldi að halda.

VIII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 100.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir